



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um stækkun Múlaborgar

Á 223. fundi skóla- og frístundaráðs, 25. janúar 2022, lagði áheyrnarfulltrúi foreldra barna í leikskólum fram svohljóðandi fyrirspurn:

Getur ráðið fengið kynningu á fyrirhugaðri stækkun á leikskólanum Múlaborg? Þann 17. desember 2021 kom eftirfarandi fram í frétt á reykjavik.is: „Borgarráð samþykkti í gær samhljóða tillögu um opnun nýs leikskóla í húsnæði Ármúla 6 sem starfræktur verður sem hluti af leikskólanum Múlaborg sem er til húsa í Ármúla 8a. Leikskólinn mun geta tekið á móti 60 börnum í hinu nýja húsnæði sem verður kærkomin viðbót fyrir ungubarnafjölskyldur í borginni. Ráðgert er að nýi leikskólinn verði tilbúinn til notkunar næsta vor.” Eftir því sem áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna kemst næst hefur þetta ekki komið til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði.

Svar:

Á fundi skóla- og frístundaráðs 22. febrúar 2022 verða áform um stækkun leikskólans Múlaborgar kynnt.